



296. Stjórnarfundur haldinn 27. september 2007 kl:18:00
Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá : UMFÍ og ÍSÍ v/ fréttabréfs Felix félagakerfis. Starfsmannabreytingar. Lára Óskarsdóttir er hætt og Rúna H. Hilmarsdóttir tekin við. Ný uppfærsla, flokkaflutningur, tenging við bókhaldskerfi og heimasíður.

3. Send bréf.

Engin.

4. 45. sambandsþing UMFÍ 20. – 21. október 2007

Umræður um væntanlegt þing. Stjórnarmenn beðnir að skoða hvort þeir eigi ekki möguleika á því að sitja þingið. Keflavík á 7 þingfulltrúa. Fatnaður á þingfulltrúa er í vinnslu. Ákveðið að flytja tillögu um að stóra landsmótið verði haldið um verslunarmannahelgi. Greinagerð: þá eru flestar ef ekki allar íþróttagreinir í pásu og gerir iðkendum kleift að taka þátt. Sigurbjörn Gunnarsson situr í nefnd sem er að endurskoða lottóskiptingu. Gisting fyrir þingfulltrúa verður á Þingvöllum og í Reykjavík.

5. Önnur mál.

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar verður 29. september á Ránni, en þetta er afmælisdagur félagsins (78 ára). Knattspyrnudeildin hefur boðið formanni og frú á hófið. Framkvæmdastjóra falið að kaupa miða fyrir þá stjórnarmenn sem sjá sér fært að mæta. Jólhlaðborð stjórnar verður 15. desember..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

